

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1995

Nr. 402

980

20. júlí 1995

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiárið 1995/1996 skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum, er nema 12.000 þorskígildislestum, skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem verða fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1995/1996.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildunum til þeirra skipa, sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli framangreindra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

Við úthlutun skal miða við, að leyfður heildaraflí af innfjarðarrækju á hverju svæði verði hinn sami fiskveiðiárið 1995/1996 og hann var fiskveiðiárið 1994/1995 og að heildaraflí af loðnu verði 936 þúsund lestir.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1995, miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 20. júlí 1995. Í þessu sambandi skal undanskilja skip sem voru á skipaskrá 20. júlí 1995 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið 1995/1996. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87, 24. maí 1994 og lög nr. 83, 20. júní 1995, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg